

Fundargerð 26. apríl, 2005
5. fundur á árinu, 11. fundur FFGÍR skólárið 2004-2005
Staður: Myllubakkaskóli

Mættir: Myllubakkaskóli: Hrafnhildur, Álfheiður **Holtaskóli:** Albert, Ásdís Ýr,
Njarðvíkurskóli: Anna, Agnes, Einar. **Heiðarskóli:** Víðir,
Sóley formaður og Ingibjörg verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

1. mál: Erindi ÓB ráðgjafar:

Ólafur Grétar Gunnarsson, ráðgjafi hjá ÓB ráðgjöf kynnti verkefnið “Hugsað um barn” sem lýkur í lok maí í Reykjanesbæ, unglingar í 8. bekk í öllum skólum hugsa um tölvustýrða dúkku yfir eina helgi. Markmið: forvarnir gegn iðkun kynlífs of snemma, og snemmbungunum. Hefur gengið mjög vel að sögn ÓGG og þátttakendur jákvæðir og stoltir. Þátttakendur fá viðurkenningarskjöl í lok maí/byrjun júní, og ÓB óskar eftir stuðningi FFGÍR við útvegum ramma í A4 stærð utan um skjölin. Ca. 180 st. **Ingibjörg** fylgir eftir og athugar með tilboð/kostnað vegna þessa.

ÓGG óskar einnig eftir að FFGÍR beiti sér fyrir því að **sýningartími Strákanna**, á Stöð 2, verði færður til fram yfir háttatíma yngri barna og styðji þannig framtak Heimila og skóla, og Umboðsmanns barna.

2. mál: Umræðukvöld um samræmd próf:

Ákveðið að halda það nk. **Þriðjudag, 3.maí**. Þar sem mjög stutt er í prófin, verður að ath. hvernig þetta er kynnt, ekki sem gagnrýni heldur sem almennri, og fræðandi umræðu. Líklegt að verði aðilar frá Námsmatsstofnun, Félagi grunnskólakennara og Jóhann Geirdal, aðstoðarskólastjóri Holtaskóla. Reynum að fá salinn í Holtaskóla. **Ingibjörg** fylgir eftir vegna framkvæmdar.

3. mál: Notkun á hjálmum og öryggistækjum á hjólum/línuskautum:

Í framhaldi af umræðu sem FFN varpaði fram í vikunni áður. Einar kynnir tillögur FFN að verkefni/vakningarátaki og samþykkt að **Agnes og Einar myndi teymi** og fylgi þeim hugmyndum eftir, t.d. samstarfi við lögreglu, sjúkrahús, tryggingafélög, slysavarnarfélag, bréfaskrif til fjölmiðla og skóla o.s.frv.

4. mál: Samstarfshópar-nemendasamningar/málþing:

- a) Fundur verður vegna nemendasamninga nk. **Þriðjudag 3.maí** á Stokkseyri.
- b) Stefnt að **málþingi 17.sept.** nk. um leiðir til aukins samstarfs heimila og skóla, undirbúningur gengur vel. **Ingibjörg** heldur áfram starfinu í þeim hópi í haust og fylgir því verkefni eftir.

5. mál: Skólamáltíðir

Ingibjörg greinir frá **munlegum samskiptum** við Fræðsluskrifstofu. Í framhaldi af fyrirspurn FFGÍR um tillögu FRÆ um útboð á skólamáltíðum í Reykjanesbæ, dags. 13.apríl sl. Ekki hefur borist formlegt svar skriflega enn.

Fram kom skv. samtölum við FRÆ að nú er ekkert formlegt gæðaeftirlit með skólamötuneytum, hverju mötuneyti í sjálfsvald sett hvað það býður upp á. Matseðill er yfirleitt viku fram í tímann og ekki upplýsingar til foreldra um næringarinnihald. Ef af útboði verður, þá er gerð krafa í útboðslýsingu um matseðil 4 vikur fram í tímann og að næringarinnihald sé tekið fram. Verð mun ekki vera hærra en er nú, 235 kr. máltíðin. Ef af yrði, er um áskrift að ræða, alla dagana eða ákveðna daga vikunnar skv. vali foreldra. Tillaga FRÆ er til afgreiðslu hjá bæjarráði og ekki hefur formleg ákvörðun um framhaldið verið tekin. Ef af útboði verður, er líklegt að hverjum skólastjóra fyrir sig verði boðið upp á að ráða því hvort þeir taka þátt í því eða ekki.

Fram kom á fundi að efasemdir eru um að næringarinnihald verði gott ef um aðkeyptan mat er að ræða, sem líklega verður eldaður deginum áður og borinn fram upphitaður. **Beðið verður eftir formlegu svari FRÆ, sem og formlegri ákvörðun bæjarráðs. Ef af verður líkt og greint er frá að ofan, þyrfti að fara fram umræða innan hvers skóla við viðkomandi skólastjóra um framhaldið.**

6. mál: **Önnur mál:**

- a) Umræða um fræðslukvöld um **Netheima** 7.apríl sl. Mættu um ca. 15 manns.
- b) Ingibjörg mun starfa fram í fyrstu eða aðra viku maí. Stjórnarmenn FFGÍR beðnir að líta í kringum sig, hafa augun opin og koma með hugmyndir að **nýjum starfsmanni nk. haust.**
- c) Viðstaddir skrifuðu undir breytingu á lögum FFGÍR, kom athugasemd frá RSK um að vantaði grein í lögina um **slit á félagi og eignaumsýslu** ef félagið yrði lagt niður. **Ingibjörg** fylgir eftir við RSK.
- d) Annað:
 - a. **Vinnuskóli.** Einar bendir á að búið sé að stytta starf vinnuskóla í 4 vikur vegna niðurskurðar á fjárhagsáætlun. Hætta á að unglíngarnir slæpist á kvöldin/nóttunni hinar vikurnar sem ekki er unnið. Leggur til að við beitum okkur fyrir því að útgjöld verði hækkuð til þessa málaflökks, eða að önnur úrræði, t.d. Fjórheimar etc. yrðu með lengri opnunartíma og meiri þjónustu til að koma til móts við þennan hóp.
 - b. **Forvarnarteymi:** Einar ekki verið boðaður á neinn fund þar. **Sóley** lét vita á sínum tíma að Einar hefði tekið sæti Halldórs en mun athuga aftur.
 - c. **Umferðaráttak:** Einar bendir á að ekki séu komnar upp þær ráðstafanir í Njarðvík sem umferðarteymið mælti með að yrðu gerðar. **Ingibjörg** hefur samband við Dagnýju og fær upplýsingar
 - d. **Akurskóli:** Foreldraráð í Njarðvíkurskóla mun funda með nýráðnum skólustjóra fljótlega. Ráðið mun bjóðast til að starfa sem foreldraráð einnig fyrir Akurskóla þar til nýtt foreldraráð verður kosið þegar skólinn tekur til starfa. Nokkrir í ráðinu í Njarðvíkurskóla eiga börn sem munu fara í Akurskóla.
 - e. **Heiðurslistar:** Álfheiður spyr hvort fundurinn vilji álykta um gerð heiðurslista, en mikil gagnrýni var á framkvæmd þeirra sl. vor. Margir voru órólegir vegna þeirra barna sem hafa lagt sig fram en fengu ekki þessa viðurkenningu fyrir viðleitnina. Getur haft bæði letjandi og hvetjandi áhrif. Einar bendir á að gott væri að fá álit sálfræðings á þessu máli, m.t.t. áhrifa á börnin sem um ræðir.

Samþykkt að **Ingibjörg skrifi bréf til Fræðsluráðs** og ítrekar að í ljósi gagnrýni sem kom upp síðast, að foreldrar vænti þess að heiðurslistar séu unnir á faglegum nótum, með sérstöku tilliti til þeirra sem hafa bætt sig og eru að leggja sig verulega fram.

Ekki meira gert og fundi slitið kl. 19:20

Næsti fundur þriðjudaginn 31. maí í Myllubakkaskóla kl. 17:15